

- Afturköllun fyrirspurnar um tollflokkun vöru
- frávísun

Úrskurður nr. 17/1997

Innflytjandi kartöflufлага sendi tollstjóra fyrirspurn um tollflokkun vörunnar. Tollstjóri hafði svarað fyrirspurninni með fyrirvara um að svarið væri leiðbeinandi og hefði ekki efnisleg áhrif á rétt eða skyldu fyrirspyrjanda ef til ágreinings kæmi síðar milli aðila. Tollstjóri afturkallaði síðan tollflokkunina og var varan flokkuð á ný. Af hálfu X ehf., innflytjanda kartöflufлагanna, var breytingunni mótmælt og skaut hann málinu til ríkistollanefndar, sem vísaði málinu frá þar sem formlegur úrskurður tollstjóra lá ekki fyrir og fyrirspurn um tollflokkun sem innflytjandi hefði fengið frá tollstjóra hefði ekki verið hægt að túlka sem bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru skv. 142. gr. tollalaga.

Lög nr. 55/1987, 24. gr. 1. mgr. (brl. nr. 69/1996, 12. gr.), 100. gr., 101. gr., 142. gr. (brl. nr. 69/1996, 41. gr.)

Með bréfi, dags. 11. desember 1997, kærir X ehf. þá ákvörðun tollstjóra að afturkalla fyrirspurn um tollflokkun nr. 9600093, dags. 11. júlí 1996. Í nefndri fyrirspurn var R nasl tollflokkað í tnr. 1905.9060. Í bréfi tollstjórans til innflytjandans, dags. 15. október 1997, er tollflokkunin afturkölluð og varan flokkuð á ný í tnr. 2005.2004. Kærandi mótmælir þessari breytingu tollstjóra og krefst þess að varan verði tollflokkuð áfram í tnr. 1905.9060.

Ríkistollanefnd sendi erindið til umsagnar ríkistollstjóra. Í bréfi hans, dags. 9. janúar 1998, er gerð sú aðalkrafa í málinu að því verði vísað frá þar sem fyrirspurnin var sett fram og afgreidd á eyðublaði, sbr. reglur nr. 117 frá 1994. Til vara gerir ríkistollstjóri kröfu um að hið breytta álit tollstjórans í Reykjavík verði samþykkt. Ríkistollanefnd sendi kröfugerð ríkistollstjóra til umsagnar kæranda með bréfi, dags. 19. janúar 1998.

Í svari X ehf., dags. 26. janúar 1998, segir svo m.a.:

„Umbjóðandi minn telur að krafa ríkistollstjóra um frávísun styðjist ekki við lög og krefst þess að ríkistollanefnd taki kæru hans til efnismeðferðar.

Frávísunarkrafa ríkistollstjóra byggist á því að sú ákvörðun sem tollstjórinn í Reykjavík afturkallaði með bréfi 15. október 1997, hafi ekki verið byggð á 142. gr. tollalaga 55/1987. Þ.a.l. verði afturköllun á slíkri ákvörðun ekki skotið til ríkistollanefndar. Þessi skilningur fær ekki staðist. Í 142. gr. tollalaga, sbr. lög nr. 69/1996 eru fyrirmæli um bindandi upplýsingagjöf tollstjóra til innflytjenda. Lög nr. 69/1996 tóku gildi 5. júní 1996, rúmlega mánuði áður en umbjóðandi minn óskaði upplýsinga um tollflokkun hinnar umdeildu vöru. Af því leiðir að með fyrirspurn umbjóðanda míns bar að fara eftir lögum nr. 69/1996 og um réttaráhrif hennar fer einnig eftir þeim lögum. Gildir einu þó fyrirspurnin hafi verið gerð á eldra eyðublað. Fyrirmæli reglna nr. 117/1994 um fyrirspurnir til tollstjóra um tollflokkun vara ganga ekki framar lögum og hefur áritun á eyðublaði um þýðingu svars tollstjóra því engin áhrif. Réttaráhrifin fara eftir lögum nr. 69/1996.

Svari tollstjóra á fyrirspurnarblaði umbjóðanda míns verður á engan hátt jafnað til þeirrar almennu upplýsingagjafar sem getið er í 1. mgr. 24. gr. tollalaga, sbr. lög nr. 69/1996 og hlýtur því að felast í því ákvörðun á grundvelli 142. gr. laganna. Sést þetta enda best á afturköllun tollstjóra þar sem segir að fyrri ákvörðun hafi byggst á 142. gr. Það var einnig skilningur umbjóðanda míns og er ljóst að lögfræðilega er ótækt að úrlausn um lagagrundvöll stjórnvaldsákvörðunar verði byggð á eyðublaði sem hún er rituð á ef það fer í bága við vilja stjórnvaldsins, skilning aðila og gildandi lög.“

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um þetta mál og nefndarmenn kynnt sér gögn er að því lúta. Mál þetta snýst um ágreining um tollflokkun á svokölluðu R nasli. Innflytjandi gerði á sínum tíma skriflega fyrirspurn um tollflokkun vörunnar til embættis tollstjórans í Reykjavík, og fékk við fyrirspurn sinni skriflegt svar þann 9. júlí 1996 um að R SNAKK FLÖGUR tollflokkuðust í tnr. 1905.9060. Svar þetta liggur fyrir á sérstöku eyðublaði sem ber yfirskriftina „Fyrirspurn um tollflokkun“. Neðanmáls á greindu eyðublaði stendur: „Þýðing svars: Svar tollstjóra er leiðbeinandi fyrir fyrirspyrjanda og aðra, sem niðurstaða um tollflokkun kann að varða um hvernig vörur, sem fyrirspurnin lýtur að, skuli tollflokka samkvæmt þeim reglum sem gilda þegar svar er gefið. Svar hefur ekki efnisleg áhrif á rétt eða skyldu fyrirspyrjanda ef til ágreinings kemur síðar á milli hans og tolyfirvalda eða annarra stjórnvalda (t.d. skattfirvalda) vegna gjaldskyldu sem bundin er tilteknum tollskrárnúmerum.“ Eins og textinn á eyðublaðinu ber með sér er hér ekki um að ræða bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru skv. 142. gr. tollalaga, sbr. lög nr. 69/1996, heldur leiðbeiningu um tollflokkun skv. reglum nr. 117/1994 um fyrirspurn til tollstjóra um tollflokkun vara. Þessar leiðbeiningar er hvenær sem er hægt að endurskoða og breyta.

Með lögum nr. 69/1996 er tóku gildi þann 19. júní 1996 var gerð breyting á tollalögum sem fól m.a. í sér breytta tilhögun skv. 142. gr. tollalaga um bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru. Með dreifibréfi ríkistollstjóra til tollstjóra og sýslumanna, dags. 16. júlí 1996, er kynnt að aðilar sem hafi hagsmuna að gæta geti fengið rökstuddar upplýsingar tollstjóra um tollflokkun vöru, og að ríkistollstjóri hafi látið útbúa sérstakt eyðublað í þessum tilgangi. Eyðublaðið um bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru skv. 142. gr. tollalaga, gerir ráð fyrir að rökstyðja beri þá tollflokkun sérstaklega, enda bindur hún bæði tolyfirvöld og fyrirspyrjanda, á meðan ekki hefur verið kveðinn upp formlegur úrskurður af hálfu viðkomandi tollstjóra, sbr. 100. gr. tollalaga eða

úrskurður ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. tollalaga. M.ö.o. tollstjóra ber að vanda vel til hinna bindandi upplýsinga. Í niðurlagi nefnds dreifibréfs er jafnframt fellt úr gildi eyðublað skv. reglum nr. 117/1994 Fyrirspurn um tollflokkun, en í því tilviki er fremur um almenna upplýsingagjöf og aðstoð stjórnvalds að ræða sem er á engan hátt bindandi og ekki rökstudd.

Þegar tollstjóri breytti fyrri ákvörðun sinni um tollflokkun þeirrar vöru sem hér er til umfjöllunar, sbr. bréf hans, dags. 15. október 1997, vísaði hann málinu því miður í rangan farveg, þegar hann benti innflytjanda vörunnar á að breyttu álit hans mætti skjóta til ríkistollanefndar. Réttur farvegur málsins er sá að sætti innflytjandi sig ekki við breytta tollflokkun tollstjóra á hann rétt á að senda tollstjóra skriflega beiðni með rökstuðningi og gögnum og krefjast formlegs úrskurðar um tollflokkun viðkomandi vöru skv. 100. gr. tollalaga. Sætti innflytjandi sig ekki við niðurstöðu tollstjóra í formlegum úrskurði getur hann skotið þeim úrskurði til ríkistollanefndar skv. 101. gr. tollalaga, og óskað eftir úrskurði nefndarinnar sem er þá endanlegur úrskurður í málinu á stjórn-sýslustigi.

Þar sem formlegur úrskurður tollstjóra um tollflokkun hinnar umræddu vöru liggur ekki fyrir og fyrirspurn um tollflokkun sem innflytjandi fékk frá tollstjóra 11. júlí 1996 er ekki hægt að túlka sem bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru skv. 142. gr. tollalaga getur ríkistollanefnd ekki fjallað efnislega um málið á þessu stigi. Máli þessu er því vísað frá ríkistollanefnd.